Þær breyttu báðar gulum bletti í sól

— sagði Gylfi Þ. Gíslason við opnun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum

Yfirlitssýning á verkum Kristínar Jónsdóttur og Gerðar Helgadóttur var opnuð við hátíðlega athöfn kl. 6 á sunnudag á Kjarvalsstöðum, að viðstöddum forseta Íslands Kristjáni Eldjárn og frú Halldóru, ráðherrum, og fjölda annarra gesta. Sjöfn Sigurbjörnsdóttir stjórnarformaður bauð gesti velkomna, en nú eiga Kjarvalsstaðir í fyrsta sinn sjálfstæða aðild að listahátíð með eigin framlagi í þessum stóru sýningum, á 200 málverkum eftir Kristínu og um 200 verkum eftir Gerði. Sigurjón Pétursson, forseti borgarstjórnar, opnaði sýninguna, fiðluleikarinn Unnur María Ingólfsdóttir og pianóleikarinn Gísli Magnússon fluttu kafla úr vorsónötu Beethovens og Gylfi Þ. Gíslason fyrrum menntamálaráðherra flutti eftirfarandi ræðu um listakonurnar og verk þeirra:



Fjöldi gesta var við opnun sýninganna á Kjarvalsstöðum á sunnudag. Ljósm. Ól. K. Mag.



Björn Thors, dóttursonur Kristínar Jónsdóttur, listmálara og dóttir hennar Hulda Valtýsdóttir, voru ásamt öðrum afkomendum við opnunina á fyrstu yfirlitssýningu á verkum hennar. Hér ræða þau við sýningargest, sem heldur á myndaskránni.



Sýningargestir horfa á litskyggnusýningu á verkum Gerðar. Í baksýn eru vinnuteikningar af Skálholtsgluggum. Bróðir Gerðar, Snorri Helgason, stendur lengst til vinstri á tali við sýningargesti.

Þetta hús er kennt við einn merkastan Íslending, sem lifði á öldinni. Hann var ekki vísindamaður, sem jók þekkingu eða skilning. Hann var ekki heldur stjórnmálamaður, sem færði þjóð sinni aukið sjálfstæði eða sannara frelsi, traustari hagsæld eða víðsýnna réttlæti. Hann var listamaður.

En mikill myndlistarmaður getur gefið þjóð sinni mikið. Á síðast liðnum hundrað árum hafa Íslendingar smám saman verið að eignast aftur það land, sem þeir höfðu áður verið að glata í aldir. Sjálfstæði og velmegun hefðu ein saman aldrei getað gefið íslenzkri þjóð það Ísland, sem hún þráði að eiga. Það var gæfa hennar, að hún eignaðist listamenn, sem bundu þau bönd milli lands og þjóðar, í kvæðum og sögum, í litum og tónum, að Ísland og Íslendingar urðu aftur eitt.

Jóhannes Kjarval var einn þeirra listamanna, sem gáfu Íslendingum nýtt Ísland. Í beztu verkum hans birtist það undur, sem er ekki af þessum heimi og er einkenni allrar mikillar listar.

Enginn hlutur er sjálfsagðari en að sú stofnun, sem ber nafn Jóhannesar Kjarvals, gangist sjálf fyrir göfugum þætti íslenzkrar listahátíðar. Og það var ágæt hugmynd að efna einmitt hér til sýningar á verkum tveggja kvenna, sem báðar fetuðu í þau fótspor hans, að kenna okkur að þekkja Ísland betur og elska það heitar en ella, þótt ekki gengju þær sömu götuna.

Kristín Jónsdóttir var einn þeirra myndlistarmanna á þessari öld, sem hjálpaði þjóð sinni til þess að skilja land sitt á nýjan hátt, sjá fjöll þess og fossa, blóm þess og kletta nýjum augum, opna henni undraheima nýrrar listar. Henni var gefið það, að sjá hið yfirnáttúrulega í raunveruleikanum og það, sem er náttúrulegt við hið óraunverulega. Kristín Jónsdóttir skildi, að listin er ekki af þeim heimi, þar sem tvisvar sinnum tveir eru fjórir og þyngdarlögmálið ræður. Auðvitað ráða lögmál í heimi listarinnar, en þau eru annars eðlis en lögmál náttúrunnar. Allt mannlíf er háð reglu efnisheimsins á ótal sviðum. En sú hamingja, sem það veitir, jafnvel sjálft eðli þess, er einnig undir öðru komið: Siðgæði og fegurðarskyni, trú og von, vináttu og ást. Líkt á við um listina. Hún er eins og blómið, sem vex samkvæmt lögmálum náttúrunnar, en fegurð sína fær það úr öðrum heimi.

Plútark lætur skáldið Símonides segja, að málverk sé þögult kvæði, — kvæði talandi málverk. Er ekki augljós skyldleiki milli beztu mynda Kristínar Jónsdóttur og eins fegursta kvæðis, sem ort hefur verið á íslenzka tungu, „Þrem ljóðum um lítinn fugl" eftir Tómas Guðmundsson. Þar segir meðal annars:

„Það vorar fyrir alla þá, sem unna,
og enginn getur sagt, að það sé lítið,
sem vorið hefur færzt í fang, og skrítið
hvað fljótt því tekst að safna í
blóm og runna.

Ég þekki líka lind við bláan vog,
lítið og glaðvært skáld, sem daglangt
syngur
og yrkir sínum himni hugljúf kvæði.

Og lítlu neðar, einnig út við Sog,
býr óðinshani, lítill heimspekingur,
sem ég þarf helzt að hitta í góðu næði.

Og megi gæfan blessa þína byggð
og börnum þínum helga vatnið fríða,
fugl eftir fugl og sumar eftir sumar."

Myndir Kristínar Jónsdóttur eru einmitt undurfögur, þögul kvæði um vor og blóm og runna, um lind við bláan vog, lítinn fugl, sem lofsyngur himininn. Og hún biður í myndum sínum byggð sinni blessunar, fugl eftir fugl og sumar eftir sumar.

Kristín Jónsdóttir var tvímælalaust í hópi mestu myndlistarmanna Íslendinga á þessari öld. En að baki málverka hennar er ekki aðeins mikill listamaður. Ég þekkti Kristínu Jónsdóttur ekki mikið, en nóg til þess að verða ljóst, að hún var göfug manneskja, hlédræg, en hlý, mikil kona. Þegar neisti sannrar listar kviknar í huga konu, sem átti hjarta Kristínar Jónsdóttur, hlutu mikil listaverk að verða til.

Ýmsir telja eflaust, að list Gerðar Helgadóttur sé alþjóðlegri en list Kristínar Jónsdóttur, ekki jafntengd því, sem er íslenzkt. Líklega er skýringin sú, að það á í fyllsta mæli við um fjölbreytta list Gerðar Helgadóttur, sem Qscar Wilde sagði, að list túlki aldrei neitt nema sjálfa sig. Gerður Helgadóttir er ekki í hópi þeirra myndlistarmanna, sem hafa náttúruna að fyrirmynd í verkum sínum. Hún er ein hinna, sem láta litina og formin lifa eigin lífi, myndin er mark í sjálfri sér, réttlæting sjálfrar sín, án tengsla við sýnilegan veruleika. Í því þarf ekki að felast, að list Gerðar Helgadóttur sé ekki af íslenzkri rót, að hún hafi ekki, eins og Jóhannes Kjarval og Kristín Jónsdottir, átt stórbrotinn þátt í því að gefa Íslendingum nýtt Ísland, tengja þjóð sína og land sitt traustari böndum. En það voru aðrar hliðar Íslands, aðrir þættir þess, sem er íslenzkt, er urðu henni uppspretta mikillar listar, í málverkum, málmi og steindu gleri: Traustur kletturinn, víður og heiður himininn, tær fjallalækurinn. Það er skyldleiki milli listar Gerðar Helgadóttur og þessa erindis í kvæði Jóns Helgasonar, „Áföngum":

„Séð hef ég fögur suðræn blóm
sólvermd í hlýjum garði.
Áburð og ljós og aðra virkt
enginn til þeirra sparði.
Mér er samt löngum meir í hug
melgrasskúfurinn harði,
runninn upp, þar sem Kaldakvísl,
kemur úr Vonarskarði."

Í þessum orðum felst fögur lýsing á einlægri ást til Íslands. Þótt Gerður Helgadóttir hafi dvalið langdvölum erlendis og ekki sótt fyrirmyndir sínar til Íslands, finnst mér grundvöllur verka hennar vera sú hlið Íslands, sem varð Jóni Helgasyni tilefni snilldarkvæðis. Þess vegna eru verk hennar íslenzk, jafnframt því sem þau eru alþjóðleg.

Kirkjulist er ríkur þáttur í listsköpun Gerðar Helgadóttur. Mér skilst, að verk hennar á því sviði séu meðal hins bezta sem unnið hefur verið í Evrópu á undanförnum áratugum. Þau bera ekki aðeins vott mikilli listakonu, heldur einnig flókinni glímu við torráðnar gátur, í þeim birtist djúp lotning fyrir almættinu, friður Guðs, sem er æðri öllum skilningi.

Ég hef einhvers staðar lesið, að Picasso hafi sagt, að til séu málarar, sem breyti sólinni í gulan blett, og svo séu aðrir, sem breyti gulum bletti í sól. Kristín Jónsdóttir og Gerður Helgadóttir voru í hópi hinna síðar nefndu. Þær breyttu báðar gulum bletti í sól, en þær gerðu það hvor á sinn hátt. Sú sól sem skín í myndun þeirra, sem ylja Íslendingum um alla framtíð, sú birta sem af henni stafar, mun lýsa lítilli þjóð á göngu hennar í viðsjálli veröld, hún eykur fegurð Íslands og gerir íslenzkt mannlíf auðugra.

Hafa nokkrar tvær konur aðrar gefið Íslendingum dýrmætari gjöf?